

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/9/ESB

2013/EES/16/23

frá 7. mars 2012

um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/37/EB er kveðið á um að hver pakki, sem inniheldur tóbaksvörur, nema nef- og munntóbak, og ytri umbúðir, að undanskildum gagnsæjum ytri viðbótarumbúðum, skuli bera viðbótarviðvörðun úr skránni í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Þessar viðbótarviðvaranir hafa verið lögboðnar á öllum reykttóbakspökkum frá september 2003 og á öðrum tóbaksvörupökkum frá september 2004.
- 3) Gögn benda til þess að áhrif núverandi viðbótarviðvarana, sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB, hafi minnkað með tímanum þar sem þessi varnaðarorð eru ekki lengur nýnæmi.
- 4) Ný vísindapekking hefur einnig komið fram um áhrif tóbaksnotkunar á heilbrigði og skilvirkni merkinga á tóbaki frá því að tilskipun 2001/37/EB var samþykkt. Einkum eru vísbendingar um að reykingar valdi krabbameini í munnholi og hálsi, skerðingu á sjón ásamt tann- og tannholdssjúkdómum. Einnig eru vísbendingar um að reykingar foreldra ýti undir að börn byrji að reykja.
- 5) Í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2001/37/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli laga viðvörðunarkerkingarnar,

sem settar eru fram í I. viðauka við sömu tilskipun, að vísinda- og tækniframförum. Ennfremur er mælt með því í leiðbeiningum um umbúðir og merkingar á tóbaki ⁽²⁾, sem voru samþykktar á þriðju ráðstefnu aðilanna að ramma-samningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir í nóvember 2008, að endurskoða skuli reglulega lagalegar ráðstafanir vegna umbúða og merkinga á tóbaksvörum og uppfæra þær þegar nýjar vísbendingar koma fram og þegar sértækar viðvörðunarkerkingar og varnaðarorð eru úreld.

- 6) Því er nauðsynlegt að endurskoða núverandi viðbótarviðvaranir, sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB, til að viðhalda og auka áhrif þeirra og til að taka tillit til nýrrar þróunar í vísindum.
- 7) Þessi endurskoðun skal byggjast á niðurstöðum athugana á núverandi þekkingu á merkingu tóbaks og áhrifum tóbaksnotkunar á heilbrigði ásamt prófunum á viðvörðunum í öllum aðildarríkjunum.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit stjórnslunefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/37/EB og hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. mars 2014. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 69, 8.3.2012, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26. FCTC/COP3(10) Leiðbeiningar um framkvæmd 11. gr. rammisamnings Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir (umbúðir og merkingar tóbaksvara).

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Aðildarríkin geta ákveðið að leyfa áframhaldandi setningu vara, sem eru ekki í samræmi við ákvæðin í þessari tilskipun, á markað til 28. mars 2016.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIDAUKI

„I. VIDAUKI

Skrá yfir viðbótarviðvörðunarmerkingar

(sem um getur í b. lið 2. mgr. 5. gr.)

- 1) Reykingar eru orsök lungnakrabbameins í ný af hverjum tíu tilvikum
- 2) Reykingar valda krabbameini í munnholi og hálsi
- 3) Reykingar skaða lungun í þér
- 4) Reykingar valda hjartaáföllum
- 5) Reykingar valda heilablóðföllum og fötlun
- 6) Reykingar stífla slagæðar
- 7) Reykingar auka hættu á blindu
- 8) Reykingar skaða tennur og tannhold
- 9) Reykingar geta valdið andláti barns í móðurkviði
- 10) Tóbaksreykur skaðar börn þín, fjölskyldu og vini
- 11) Börn foreldra sem reykja eru líklegri til að byrja að reykja en börn annarra
- 12) Hættu að reykja – lifðu lengur fyrir þína nánustu ⁽³⁾
- 13) Reykingar draga úr frjósemi
- 14) Reykingar auka hættu á getuleysi

⁽³⁾ Stjótið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26. Fyllið út með tilvísun í símanúmer/veffang hjá aðilum sem veita ráðgjöf til að hætta að reykja, ef þeir eru fyrir hendi í viðkomandi aðildarríki.“